

L Ö G

um

innlenda skiftimynt.

19
27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Slegin skal íslensk skiftimynt, er gjaldgeng sje á Íslandi einungis. Myntirnar gildi 2 krónur, 1 krónu, 25 aura, 10 aura, 5 aura, 2 aura og 1 eyri.

2. gr.

Tveggja króna peningar og krónupeningar skulu slegnir úr samsteypu af eiri, nikkeli og alúminíi, tuttugu og fimmeýringar og tíeyringar úr samsteypu af eiri og nikkeli, fimmeýringar og tvíeyringar og eineýringar úr samsteypu af eiri, tini og sinki, eftir nánari ákvæðum í 3. gr.

3. gr.

Skiftimyntir þessar skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Þver- mál mm.	Þyngd alla gr.	Málmblöndun:
a) Peningar, sem gildi 2 krónur	28	9,5	} 92 þyngdarhlutar af eiri, 6 þyngdarhlutar af alúminíi og 2 þyngdarhlutar af nikkeli.
b) Peningar, sem gildi 1 krónu	22,5	4,75	
c) Peningar, sem gildi 25 aura ..	17	2,4	} 75 þyngdarhlutar af eiri og 25 þyngdarhlutar af nikkeli.
d) Peningar, sem gildi 10 aura ..	15	1,5	
e) Peningar, sem gildi 5 aura ..	24	6	} 95 þyngdarhlutar af eiri, 4 þyngdarhlutar af tini og 1 þyngdarhluti af sinki.
f) Peningar, sem gildi 2 aura ..	19	3	
g) Peningar, sem gildi 1 eyri ..	15	1,6	

4. gr.

Breyta má ákvæðum 2. og 3. gr. með konungsúrskurði, ef hin önnur Norðurlandaráki krefjast þess, eftir myntsamningnum, til þess að hin nýja mynt verði ekki of lík þeirra eigin skiftimynt.

19

27. júní

5. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir, og skulu 2 króna, 1 krónu, 25 aura og 10 aura peningarnir vera gáróttir í röndina, en hinir peningarnir sljettir í röndina.

6. gr.

Ekki má skakka meiru um rjetta þyngd á tveggja króna peningum og einnar krónu peningum, þegar hver peningur er prófaður fyrir sig, en hjer segir:

Á tveggja krónu peningi 1 af hundraði.

Á einnar krónu peningi $1\frac{1}{2}$ af hundraði.

7. gr.

Skiftimyntir þær, sem að framan eru nefndar, skulu vera löglegur gjaldeyrir, eftir því verði, sem á þeim stendur, bæði í gjöldum til ríkissjóðsins og manna í milli, ef þær eru ekki orðnar mjög mikið eða ólöglega skaddaðar. Þó skal enginn vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 20 krónum í einnar krónu og tveggja krónu peningum, 5 krónum í 25-eyringum og 10-eyringum, og 1 krónu í 5-eyringum, 2-eyringum og 1-eyringum. Skiftimyntir þessar hætta þá fyrst að vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð, er þær eru orðnar svo slitnar, að ekki verður með vissu sjeð, að þær sjeu íslenskar. Gagnvart öllum öðrum hætta þær að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er öðin ógreinileg.

8. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði auglýsingar frá 25. sept. 1873, er birtir á Íslandi peningalög frá 23. maí 1873, um skiftimyntir þessar, að því leyti sem þau geta átt við þær.

9. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10 til 10000 krónum. Um mál útaf þeim brotum fer sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 9, 20. júní 1923, um skiftimynt úr eirnikkel.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.